

Breyting

155
8. sept.

Á erindisbrjefi fyrir umsjónarmenn með útflutningi hrossa frá 22. des. 1908.

6. gr. í erindisbrjefi fyrir umsjónarmenn með útflutningi hrossa frá 22. desember 1908 skal vera svohljóðandi:

Fyrir starfa sinn fá umsjónarmenn þóknun úr ríkissjóði, sem veitt er á fjárlögunum en fyrst um sinn er ákveðin 25 aurar fyrir hvert hross, sem þeir meta til útflutnings, hvort sem það er flutt út eða kyrsett.

Umsjónarmönnum er stranglega bannað að taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá eigendum eða útflytjendum hrossanna, frá skipstjórum eða öðrum, sem við skip það eru riðnir, sem þau eru flutt út á.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins 8. septbr. 1919

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

156
10. sept.

fyrir Suður-Múlasýslu um refaveiðar, notkun afrétts, fjallskil m. fl

I. Um hreinsun afrjetta og heimalanda frá dýrbíti.

1. gr.

Allir búendur, sem sauðfje eiga, eru skyldir til ár hvert að gjöra tvær grenjaleitir í afrjettum og heimalöndum á tímabilinu frá 5—8 vikur af sumri. Skal hreppsnefndin ákveða leitardaga hvert sinn, nokkrum dögum fyrirfram með seðli, og hverjir búendur skuli leggja menn til leitar á afrjettir og ákveða leitarsvæði. Skal engu ráða nm þessa kvöð, hverjir afrjettinn nota, þó þannig, að þetta á ekki við þar, sem tvær eða fleiri afrjettir tilheyra sömu sveit (hrepp), því þar, sem svo stendur á, skal hreppsnefnd helst láta hvern leita í þeirri afrjett, sem hann notar. Rjett er hreppsnefnd að kveðja tvo menn til leitar frá þeim, sem flest fje eiga og liðflestir eru. Enda er henni rjett að veita nokkrum bágstöddum einyrkjum undanþágu frá sumum grenjaleitum í afrjett. Leitir í heimalöndum skal hún ákveða jafnframt. Þar má hún undantaka þau heimalönd. sem svo eru lítil, að heita má að daglega sje um gengið, enda sjeu þar eigi grenjastöðvar og landið nái elgi til fjalls.

Refaleitardaga skal ákveða aðra í heimalöndum og aðra í afrjettum, nema hvorttveggja verði hæglega leitað sama dag. Nú hlýðir búandi ekki fyrir mælum hreppsnefndar að leggja

156 menn í grenjaleitir ákveðna daga, eða leitarmaður óhlýðnast leitarstjóra, varðar það sektum 10. sept. frá 5—25 kr. Sama varðar, ef húandi leggur til ónýtan mann í leit. Ræður um það álit leitarforingja, hversu nýtur sá var.

Nú kemur upp dýrbitur eftir grenjaleitir, og skipar þá hreppsnefnd nýjar leitir, ákveður tölu leitarmauna og hverjir leita skuli. Rjett er, að þeim sem í þær leitir leggja, sje goldinn tillkostnaður þeirra úr sveitarsjóði, eftir sanngjörnum reikningi.

2. gr.

Grenjaleitarmenn á hverju afrjettarsvæði skulu kjósa sjer leitarforingja, nema hreppsnefnd hafi áður gjört það. Ber öllum í þeirri leit að hlýða fyrirmælum leitarforingja. Skyldur er hver að taka við kosningu sem leitarforingi, ella sekur um 5 til 10 kr.

3. gr.

Hreppsnefnd skal útvega tvo vel hæfa skotmenn og einn varamann hvert vor á greni, er finnast kynnu í afrjettum eða heimalöndum sveitarinnar, og eru menn skyldir að láta sig fala, nema gild forföll banni, gegn 8 kr. launum um sólarhringinn, og vökumaður skal hafa 6 kr. borgun um sólarhring, eða það seu um semur við hreppsnefnd. Báðir leggi þeir sjer allt er þeir með þurfa, hvor í sínu lagi. Skotmaður ræður vökumann.

4. gr.

Þegar greni finst, skal fara með það, þangað til skotmaður kemur, eftir fyrirsögn leitarforingja, og hafi hann til þess ákveðna reglu í sveitarsamþykkt. Nú veikist skotmaður eða fatlast á annan hátt, svo hann verður að yfirgefa greni, skal hann tafarlaust tilkynna það varaskotmanni, en vökumaður annast greni þar til skotmaður kemur, og eigi má skotmaður yfirgefa greni innan þriggja sólarhringa, nema fullunnið sje; sýni skotmaður eða vökumaður skaðlega vanrækt um vinslu grenis, og það verður sannað, missa þeir af kaupi eftir málavöxtum, eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndar.

5. gr.

Skotmaður skal fá 5 kr. fyrir fyrra dýrlö, er hann vinnur á greni, og 8 krónur fyrir hið síðara, en 1,50 kr. fyrir hvern yrðling auk daglauna. Yrðlingar, sem tóur skulu drepnir á greni, og varðar sektum fyrir hvern yrðling, sem látinn er lífa, alt að 20 krónum. Skinn hinna unnu dýra eru eign skotmanna.

Nú sýna einhverjir sveitarmenn dagnað í því að eyða refum með dýrhundum, skotnum úr skothúsum, dýrabogum, gildrum eða með því að ganga uppi refi og skjóta þá o. s. frv., skal borga þeim 10 kr. fyrir hvert unnið dýr. Það greiðist úr sýslusjóði. Bani maður tóu á þennan hátt, og vilji laun fyrir taka, skal hann sýna skinnið hreppstjóra eða oddvita. er þá brenni eða skeri mark í útveginn og gefi síðan vottorð um.

6. gr.

Refum skal eyða árlega með eitri (stryknin) og skal það bera út á vetrum — um eða eptir miðjan vetur — eitthvað æti, svo sem rjúpur og kindur í heilu líki og þessháttar. Af eitruðum rjúpum skal stýfa hægri væng til hálfs; sæta skal færi með útburð eiturs, er hörkur ganga. Sýni hreppsnefnd eða þeir, sem hún skipar til að framkvæma eitur-útburð vanrækslu á því, varðar það sektum frá 25—50 kr.

7. gr.

156

10. sept.

Alla reikninga um kostnað til refaveiða á grenjum og við eitur-útburð akulu þeir, sem að því vinna og verja fje til, leggja fram fyrir hreppsnefndina hvert ár fyrir hausthreppamót. Skal nefndin yfirfara þessa reikninga og laga þá þar, sem þess þykir þurfa, og samþykkja þá síðan. Kjósa má hún búendur 1 eða fleiri með sjer til að endurskoða reikningana og stínga upp á breytingum. Allan kostnað til refaveiða, annan en þann, sem um er talað í síðari kafla 5. greinar, skal borga af sveitarsjóði; endurborga skulu afrjettarbændur, sem af rjettartoll taka, sjóðnum helming þess, sem af honum er borgað fyrir greni í þeirra afrjettarlöndum, þó aldrei meira en nemur hálfum afrjettartolli. Þeir skulu og skyldir vera að bera út eitur á sína afrjetti borgunarlaust. Eitur og það, sem eitnað er, má borga þeim. Sama skal og gilda með eiturútburð í heimalöndum. Öðrum, sem eigi ráða afrjettum, má greiða borgun fyrir eiturútburð á afrjettir.

Sveitarstjórn skal safna skýrslu um öll greni, skal þar talið nafn á öllum grenjum, og hvar þau liggja. Skýrslu þessa skal endurnýja fimta hvert ár, þegar ártalið stendur á hálfum eða heilum tug, og sje hún innfærð í sveitarbækur. Einkenna skal öll greni.

II. Um fjármörk.

8. gr.

Hver fjáreigandi skal hafa eyrnamark glöggð á fje sínu og brönnimark eða önnur jafnglögg einkenni, ef mark verður óglögt.

Sama eyrnamark skal á hestum hafa, ef markaðir eru. Enginn má hafa fleiri en 2 eyrnamörk. Hver hreppur skal eyrnamark hafa og brönnimark samkvæmt sýslunefndarsamþykkt 1901, 27. gr. Þau eru:

Fyrir Geithellahrepp...	...	...	...	Sm. 10
— Beruneshrepp	...	...	...	Sm. 9
— Breiðdalshrepp...	...	...	...	Sm. 8
— Skriðdalshrepp...	...	...	...	Sm. 3
— Vallahrepp	...	...	...	Sm. 2
— Eiðahrepp	...	...	...	Sm. 1
— Mjóafjarðahrepp	...	...	...	Sm. 4
— Norðfjarðahrepp	...	...	...	Sm. 5
— Reyðarfjarðahrepp	...	...	...	Sm. 6
— Faskrúðsfjarðahrepp	...	...	...	Sm. 7
— Stöðvarhrepp	...	...	...	Sm. 11
— Búðahrepp	...	...	...	Sm. 12
— Eskifjarðahrepp	...	...	...	Sm. 13
— Helgustaðahrepp	...	...	...	Sm. 14
— Neshrepp	...	...	...	Sm. 15

Allir fjáreigendur eru skyldir að nota brönnimark dvalarhrepps síns á öllu fulluðnu sauðfje. Nú flytur fjáreigandi í annan hrepp og skal hann þá þegar á því vori, sem hann flytur, brönnimerkja fje sitt marki þess hrepps, sem hann flytur í.

153

10. sept.

9. gr.

Markaskrár ganga í gildi 15. septbr. Þegar ártalið stendur á hálfum eða heilum tug. Sýslunefnd kýs mann til að raða skipulega og rjett fjármörkum sýslunnar fimta hvert ár næst á undan að markaskrá á að ganga í gildi og annast um prentun hennar.

Sveitarstjórnir skulu mörkum safna hver í sínum hreppi á vorhreppamóti, og greiði hver markeigandi ákveðna borgun fyrir mörk sín eftir fyrir mælum sýslunefndar, enda er hver markeigandi skyldur að hafa mörk sín í gildandi markaskrá. Mörkin skulu þegar send til raðarans, og skal hann annast um, að markaskrárnar sjeu komnar heim í breppana fyrir 15. júní það ár, sem hún á að ganga í gildi. Kaupmenn og kaupfjelög, sem kaupa fje til slátrunnar að hausti, skulu skyldir að hafa á fje því glögg einkenni, olfumál eða tjöru á snöggkliptum bletti í hnakka, sinn sjerstaka lit hver. Litareinkenni þessi gilda því að eins sem eignarheimild, að þau sjeu sem önnur mörk skráð í gildandi markaskrá sýslunnar. Sje það vanrækt, skal með fje þeirra farið sem óskilafje.

10. gr.

Nú er samt ekki mark einhvers í skránni og enginn rjettarmanna þekkir mark hans, skulu rjettarstjórar fara með það fje eins og óskilafje. Komi eigandl síðar til, fær hann fje sitt, en borgar allan kostnað, sem fyrir því hefir hafður verið, og auk þess hæfilega þóknun, er renni í sveitarjóð þess hrepps, sem fjeð er í, fyrir vanrækslu sína. Geti hann sannað, að hann hafi ekki vanrækt skyldu sína samkv. 9. og 11. gr., er hann sýkn.

11. gr.

Þegar einhver tekur upp mark eftir að safnað er mörkum til markaskrár og áður en til nýrrar er safnað, eða kemur með mark sitt inn í sýsluna, þá skal hann fyrir 15. júní tilkynna það oddvitanum í sínum hreppi og skal hann fyrir lok júnímánaðar senda oddvita sýslunefndar skýrslu um mörkin ásamt ákveðnu gjaldi fyrir hvert mark. Skal hann svo sjá um, að slík mörk sjeu prentuð og þeim útbýtt um hreppa sýslunnar í jafnmörgum eintökum og markaskrárnar. Leiðajettingar á raugprentuðum mörkum skal sýslusjóður borga.

III. Um notkun afrjetta.

12. gr.

Afrjett er þar, sem venja hefir verið, enda sje eigi búsmala haldið þar á sumrum að staðaldri, og eptir því skal í hverri sveit aðgreina afréttarlönd og heimalönd og ákveða takmörk. Til þess skulu bændur kjósa 3 kunnuga hreppsmenn. Skulu þau takmörk gilda, er þeir ákveða. Rjett er að kjósa til þessa 3 menn í tveimur eða fleiri stöðum í víðlendum hreppum. Akvæði gjörðarmanna skulu rituð í gjörðabók hreppsins, eða geymd við skjalasafn hans.

13. gr.

Hver búandi er skyldur til að reka sauðfje sitt og lömb og þeirra, sem hjá honum elga fje, á einhverja sveitarafrijet ellegar á afrijet annara sveita, og er honum það heimilt. Sekt varðar ef hann sieppir sauðfje sínu í heimalandi. Hún skal ekki lægri vera en 10 aurar fyrir hverja kind. Þó má hreppsnefnd leyfa undanþágu frá þessari reglu, þar sem afrijetarlönd eru þröng, en heimalönd víðlend.

14. gr.

156

10. sejt.

Nú getur fjáreigandi hvergi fengið afrjett, sem hann getur rekið fje sitt á, þá skal hann segja til hreppsnefnd og skora á hana að útvega sjer afrjett. Viunist henni það eigi, er honum vítalaust að hafa fje sitt í heimalandi. En varast skal hann að reka það í annara land eða að þeim. Skyldur er búandi að reka á afrjett sem fæst, sje hún ekki meira en hálfa þingmannaleið á burtu.

15. gr.

Þegar fje rennur á sumrum úr afrjett í heimalönd, svo spillir málnytu og engjum búenda, mega þeir, sem fyrir átroðningi verða, kveðja næstu búendur, er á þá afrjett ráku, er fje rann úr, til að leggja mann til að reka fje á afrjett af nýju, þó skulu utansveitarmenn lausir við þá kvöð. Skyldir eru þeir, sem næst búa afrjett, að varna geldfje, hvað þeir geta, án verulegs tilkostnaðar, að renna út um sveit.

16. gr.

Nú þykir tveimur eða fleiri búendum ofsett geldfje á elna sveitarafrijet tfremur en aðra, og bera það upp fyrir hreppsnefnd, þá skal hún láta búendur kjósa 3 menn til að gjöra áætlun um, eftir kunnugleikum og því sem reynst hefur, hversu margt fje sú afrjett muni bera til góðra nota. Þessa áætlun auglýsir hreppsnefnd hreppsbúum og afrjettarbónda, og skal hún rituð í gjörðabók hreppsins. Ber afrjettarbónda að haga fjártöku í afrjettina eptir þeirri áætlun. Sekt varðar ef hann tekur hundrað fleira en ákveðið var í afrjettina. Um upphæð hagatolia verður að fara eptir því, sem tíðkast hefur í hverri sveit, 2 til 6 aurar fyrir kind.

17. gr.

Ef búandi rekur eða lætur reka fje sitt heimildarlaust í annars manns heimaland eða afrjett, má landráðandi bera sig upp um það fyrir hjeraðsdómara.

IV. Um fjallgöngur.

18. gr.

Þrjár skulu fjallgöngur hvert haust. Skal byrja hina fyrstu í allri Suður-Múlasýslu á mánudag í 23. viku sumars, hina aðra á mánudag í 24. viku sumars og hina þriðju á mánudag í 25. viku sumars. Ef veður bannar göngu eða ónýtir á rjettum göngudögum, skal taka næsta dag, er veður leyfir.

Skipa skal hreppsnefnd aukagöngur fyrir og eptir löggöngur vegna ískyggilegs tíðarfars eða aðalgöngur misheppnast, og hvíla sömu skyldur á búendum sem löggöngur væru.

19. gr.

Skipa skal hreppsnefnd tvær eða fleiri göngur að vorinu í afrjetti og heimalönd, meðan fje er í ullu og lömb ómörkuð. Skulu oddvitar hreppsnefnda koma sjer fyrirfram saman um göngudaga, þar sem samgöngur fjár eru sveita á milli.

156

10. sept.

Hreppsnefnd skal kveðja menn með gönguseðlum nógu snemma fyrirfram til hvernar göngu, ákveða þar hverjir skuli ganga hvert afréttarsvæði, kjósa gangnaforingja, eða fela það á hendur hverjum flokki gangnamanna.

Enginn má skorast undan gangnaforustu, nema hann sje löglega hindraður. Sektum varðar ef mót er brotið.

Í sömu seðlum skal og ákveða göngudaga í heimalöndum og skulu þeir vera sömu daga og á afrjettum.

V. Um skyldur búenda við fjallgöngur.

21. gr.

Skyldur er hreppsúi hver, sem sjálfum sjer er ráðandi og hefur undir hendi 10 kindur eða fleiri, sem á fjall ganga, að leggja mann eða menn í allar fjallgöngur, sem hreppsnefnd ákveður. Sömu skyldur hafa utanhreppsmenn, sem afrjettir nota í hreppum.

Skyldur er hver að hreinsa heimaland sitt. Hreppsnefnd hver skal sem mest fara eptir fjárhæð búanda, er hún ákveður leitarmenn og tölu þeirra frá heimili hverju. Þar skal hver leita sem hreppsnefnd ákveður. Húsbóndi annast fjallskil fyrir hjú sín og aðra sem á hans vegum eru og ekki eru gangnaskyldir samkvæmt fyrri málsgrein.

22. gr.

Veita má hreppsnefnd bágstöddum einyrkjum og heilsulitlum undanþágu frá einni eða fleiri göngum. Sömuleiðis þeim, sem mjög fátt fé eiga.

23. gr.

Nú hefur búandi engan göngufæran mann, eða ekki nógu marga, og skal hann þá fá annan mann (menn) fyrir sig.

24. gr.

Þar sem afrjettir eru víðlendar, og hreppsnefnd þykir þurfa, skal á kostnað sveitarinnar byggja göngukofa á hentugum stöðum, svo að göngumenn geti notið þar húsaskjól þegar þarf meðan á göngum stendur. Þeir kofar skulu vera svo rúmgóðir að í þeim geti verið allir þeir menn, sem þá afrétt þurfa að ganga. Skulu þrep vera umhverfis í þeim eða með annari hlið svo breið að menn geti legið á þversum og hafa á þeim hey eða lyng til mýkinda. Svo skal ganga frá dyrum, að eigi fenni iun á vetrum. Tóft skal byggja hjá göngukofa til að hýsa í um nótt kindur, er finnast í seinni göngu, þá menn þrýtur dag til að ná til bygða.

25. gr.

Enginn fjáreigandi má skorast undan að leggja menn í þær göngur, sem hér eru ákveðnar, og hreppsnefnd nefnir menn til, leggi hann eigi liðgengan mann í hverja af þeim, er hanu sekur um 30—25 kr., fyrir hverja göngu, er hann lætur mann vanta í, nema hann hafi undanþágu fengið. Sömu sekt skal varða, ef hann lætur ónýtan mann í löggöngur, að þeim mun minni, sem heldur verður not að ljettingi er hann sendir. Skal um það ráða mestu vott-

orð gangnaforingja, enda er hann aðili þessara mála. Skotið getur hlutaðeigandi máli sínu til **156** sýslunefndar, þyki þeim sér gjörð of há fjallskil og fá þá endurgjald úr sveitarsjóði, falli úr- 10. sept. skurður þeim í vil, en hlíta verða þeir í svip fyrirmælum sveitarstjórna.

26. gr.

Nú eiga einhverjir búendur fje á afrijetum annara hreppa, og verður að leggja þangað menn í göngnr. Skulu þeir engu að síður skyldir til að breinsa heimalönd sín og leggja menn í allar göngur í sínum hreppi eptir því og þar sem hreppsnefnd ákveður, nema þeir hafi ekki getað fengið afrijet í sínum hreppi og hafi fengið vottorð hreppsnefndar þar um, eða þeir sanni að sú afrijet sé ofhlaðin. Veita má hreppsnefnd undanþágu frá þessari ákvörðun, ef henni virðist ástæða til.

VI. Um gangnaforingja.

27. gr.

Þeir sem ganga eiga hverja afrijet eða hverja samgöngu, skulu koma saman á næsta bæ henni eða í göngukofa, ef hann er til, næsta dag fyrir göngudag. Þar skulu þeir kjósa, ef hreppsnefnd hefir eigi áður kosið gangnaforingja þann, sem vel er kunnugur afrijettinni og kendur er að ráðdeild og gætni.

Fatlist gangnaforingi kjósa leitarmenn annan í hans stað úr sínum flokki.

28. gr.

Þegar gangnaforingi er kosinn skal hann skifta liði sínu og ákveða hvar hverjir skuli ganga, hvað langt og hvernig færa skuli fjeð saman eftir landslagi. Hann ákveður hverjir gæta skuli fundins fjár og hverjir gera víðari leitir, enda eiga gangnamenn hans ráða að leita, ef til hans nær, meðan á göngum stendur og nýrra úrræða þurfa.

Allir í samleit eru skyldir að hlýða gangnaforingja meðan á göngum stendur og bregða ei út af meðan fært er. Sektum varðar ef gangnamenn óhlýðnast skipun gangnaforingja.

29. gr.

Nú spillist veður, eða göngur ónýtast fyrsta gangnadaginn, skal þá gangnaforingi skipa nýja leit næsta dag eða næstu daga ef veður leyfir og eigi hverfa frá fyrr en svo er breinsuð afrijetin, sem kostur er á að því sinni.

30. gr.

Þegar gangnaforingi vanrækir svo skyldur sínar, að mjög sýniat vítavert, varðar það sektum eftir málavöxtum.

VII. Um rjettir og fjárdrátt.

31. gr.

Lögrjettir skulu vera í hverjum hreppi þar sem verið hafa, eða hreppsnefnd ákveður

156 með ráði búenda. Þær rjettir skulu byggja og þeim við halda þeir hreppsþúar, sem þær nota 10. ept. helst og þeim eru næstir, eftir fyrirmælum hreppsnefndar.

Þegar lögrjett skal byggja eða bæta kveður hreppsnefnd til þeirra starfa þá menn, sem þeirri rjett eiga uppi að halda, og svo marga, sem hún ætlar til þurfa. Rjettarbóndi skal stýra þeim verkum, eða sá sem hreppsnefnd ákveður. Ef sá kemur ei til rjettarhleðslu, sem kvaddur er, þá skal hann greiða 6 krónur fyrir hvert dagsverk, er honum ber að vinna. Sama skylda hvílir á utansveitarmönnum sem afrjettir eiga og nota, um viðhald og byggingu lögrjetta.

32. gr.

Til sveitarrjettar skal alt fje rekast á haustum, þá gengið er á sama degi úr afrjettum og heimalöndum, er til hverrar rjettar liggja, og draga það þar sundur eftir mörkum og einkennum, sem markaskrár og dráttarmenn segja til.

33. gr.

Rjettarstjóri skal vera við hverja sveitarrjett, þá dregið er. Hann skal hreppsnefnd velja og setja. Rjettarstjóri skal segja fyrir hvernig draga skuli, hvaða fje fyrst og eftir hvaða röð; hann skal hafa í höndum markaskrá sýslunnar og hinna næstu sýslna, svo og hið sama skriflegar marklýsingar, er til hreppsnefndar hafa komið, og ekki eru áður færðar inn í markaskrá hreppsins. Þegar alt hrepps fje hinna næstu hreppa sem menn eru til að taka á móti, er dregið, svo úrtíningurinn er eftir, skal rjettarstjóri fá til tvo eða fleiri gætna menn og og markglögga, að draga úr honum alt það fje, sem eigendur finnast að, og ráðstafar hann því í rekstra í þær áttir er helst á við, en því fje, sem enginn finst eigandi að, ráðstafar hann til hreppsnefndaroddvita, eða þess manns er hreppsnefnd hefir falið á hendur að veita því mótöku og annast það. Allir dráttarmenn í sveitarrjettum eru skyldir að hlýða fyrirmælum rjettarstjóra um fjárdrátt og annað sem þar að lýtur. Sektum varðar öll óhlýðni við hann þessu erindi viðvíkjandi.

34. gr.

Þegar fje rennur fram í haustrjettum, sem enginn veit hver á, markað eða ómarkað, þá skal rjettarstjóri akora á dráttarmenn að leita eftir mæðrum, sem helgi sjer ómerkinga. Nú verða þær eigi fundnar og lætur hann þá þegar auðkenna ómerkinga hreppsmarki, eða brennimarki, en merktu kindurnar lit eða lagði, verði ekki komið á þær að minsta kosti brennimarki hreppsins. og skrifar nákvæma lýsingu marka og einkenna á þeim. Eftirrit af þeirri lýsingu skal hann senda þá þegar oddvita, sem aftur sendir lýsingarnar með fyrstu ferð oddvitum hreppsnefnda í næstu hreppum. Vel má og hreppsnefndaroddviti biða þess að hann fái lýsingar af óskilakindum saman af öllum sveitarjettum, og sendi hann þá eftirrit af þeim í allar næstu sveitir oddvitum þar. Sama ber að gera ef óskilakindur koma fram í hreppum eftir rjettir. Þær skal afhenda hreppsnefnd til umsjónar.

VIII. Um rekstra.

35. gr.

Utansveitarfje það, sem fyrir kemur í sveitarjettum og enginn er til að taka á móti, skal dregið í rekstra eftir því sem það á samleið til, og rekið hrepp úr hreppi beinustu leið til eiganda. Hreppsþúar hvers hrepps annast rekstur um sinn hrepp og til næsta bæjar í næsta

hreppi, sem rekstur á leið um, ef innan sýslu er. Um rekstra í aðrar sýslur fer eftir venju í **156**
 hreppum þeim er að sýslumerkjum liggja, eða samkomulagi hreppsnefnda þar. 10. sept.

Sláturfje kaupmanna og kaupfélaga, sem rekið er til kaupstaða, er stranglega bannað að sleppa mannlausu yfir nætur í afrjett eða heimalönd manna. Skulu rekstrarmenn hafa það í girðingum eða í rjettnum um nætur. Þeir skulu á rekstrarleiðum gæta þess vandlega, ef annara fje lendir saman við, að skilja það frá og vísa í rjetta átt og gera sem minst ónæði á fjenaði búenda. Brot gegn ákvæðum þessum varðar sektum frá 50—200 krónum. Sömu viðurlögum sætir það, ef það sannast að fje manna rekst til ógreiða, með sláturfjárrekstrum til kaupsúna.

36. gr.

Hreppsnefnd hver ákveður rekstrarleið um sinn hrepp og til grannhreppa, en þeir sem við rekstrum taka hjá haustrið skulu að öllu með þá fara sem rjettarstjóri mællir fyrir. Hann skal láta seðla um mark og markeigendur fylgja þeim kindum, ef mark þeirra er ekki í markaskrá sýslunnar, ef honum er það kunnugt af markaseðlum eða öðrum marklýsingum. Rekstrarskyldir eru þeir allir, sem jörð hafa til ábúðar, eins tómthúsmenn, sem grasnyt hafa og einhverja gripi, ef þeir eru gagnaskyldir.

37. gr.

Fje skal að jafnaði til gæslu komið um veturnætur og eftir þann tíma skulu búendur sem mest forðast að láta annara fje vera saman við sitt fje, heldur skilja það frá og reka til næstu bæja áleiðis til eigenda, sem og vafafje áleiðis til oddvita.

Hafa búendur allar sömu skyldur við slíka rekstra sem lögrekstra.

Sýni einstakir fjäreigendur sjerstaka vanhirðu í því að halda fjenaði sínum í heima-högum eftir veturnætur, en láti hann renna út um sveit öðrum til erfiðisauka og tafar, skulu þeir sektum sæta. Eins skal það sektum varða fyrir eigendur eftir málavöxtum, ef hrútar eru látnir ganga úti milli Marteinmessu og sumarmála.

38. gr.

Rekstrar skulu tafarlaust reknir bæ frá bæ, en kannaðir á hverjum bæ af húsráðanda, eða öðrum í hans stað, ásamt fylgiseðlum og fje það úr tekið sem ekki á samleið lengra, eða rangrekið kann að vera, og því snúið í rjettar áttir. Nú er enginn rekstrarfær maður heima þar sem við rekstri skal taka og rekur þá sá er með rekstur kom áfram til næsta rekstrarfærs manns eftir að hafa kannað rekstur, svo sem áður segir, en heimtar endurgjald af hreppsnefnd sinni og hún aftur af búanda þeim, er reka átti.

Eina kind er óskyld að reka, en varðveita skal hana með heima fjenaði og gera eiganda aðvart við fyrsta tækifæri eða koma henni í rekstur, sem fara kann í rjetta átt.

39. gr.

Það skal vera aðalregla um meðferð á rekstrum, að hver fari svo vel með þá, sem hann eigi, reki hvorki hart, meiði, eða ofþreyti, svelti eigi, láti eigi standa inni í illum húsum, eða úti í fávíðrum. Lýsingarseðlum sem rekstrum fylgja má enginn týna, afhendi þá með rekstrinum. Ef öðru vísi er farið með rekstra varðar það sekt eftir málavöxtum.

40. gr.

Enginn má sleppa rekstrum eða týna þeim, varðar sektum ef upp kemst.

10. sept.

41. gr.

Nú kemur fram utansveitarfje eftir göngur og skal finnandi tafarlaust segja til þess oddvita hreppsnefndar, sem ráðstafar því eftir málavöxtum.

Fyrir óheimt fje, sem á afrettum finst eftir löggöngur, geta finnendur krafist fundarlauna. Þau skal hreppsnefnd ákveða, ef finnandi og eigandi verða eigi ásáttir, eða ef eigandi er fjarlægur, og skal hún greiða þau til bráðabirgða, en telja með fyrirhafnarkostnaði á kindunum, og má selja kindurnar til lúkningar því þegar, ef eigandi vill ekki greiða.

Fundarlaun skulu eftir atvikum vera $\frac{1}{8} - \frac{1}{2}$ af verði hinna fundnu kindna eftir mati hreppsnefndar.

42. gr.

Þegar áfelli dettur á svo hýsa þarf og gefa utansveitarfje, meðan á löggöngum stendur, þá skal þar hirða, sem það er statt, nema hreppsnefnd hafi öðru vísi fyrirmælt.

Hver hreppur er skyldur að reka í næsta hrepp yfir fjallvegi úr hverri löggöngu, og auk þess einn rekstur á tímabilinu til 20. okt. hvert haust. Komi utanhrepps fje fyrir eftir þann tíma, skal tilkynna það oddvita þess hrepps, sem fjeð á heima í, með hraðboða til ráðstöfunar. Verði því ekki ráðstafað og greiddur kostnaður á því verður það selt og meðhöndlað sem annað óskilafje hreppsins, sbr. 46. gr.

IX. Óskilafje.

43. gr.

Það er skylda hvers manns, er hann finnur dilka ómarkaða á sumrunum og hann getur handsamað dilk og móður, að marka dilk móðurmarki á eyrum eða hornum.

44. gr.

Þegar lýsing á óskilafje er komin til oddvita hreppnefndar, skal hann auglýsa hana sem fyrst í sínum hreppi, með því að láta eftirrit af henni berast bæ frá bæ, eða á annan hátt sem hreppsnefnd þar þykir best henta. Nú finst eigandi þar að óskilakind og auglýsir oddviti það hreppsnefnd, þar sem óskilakindur eru og gerir ráðstöfun fyrir að kindin verði sótt.

45. gr.

Komi áfelli áður en óskilafje er selt, skulu þeir sem fjeð er hjá annast það eftir föngum. Allan kostnað vegna óskilafjár skal borga í bráð úr sveitarsjóði, þegar hreppsnefnd hefir samþykkt hann.

46. gr.

Í annari löggöngu má selja alla ómerkinga, sem ekki hafa fundist eigendur að, eða mæður hafa helgað sjer, við opinbert uppboð, en annað óskilafje og utanhrepps fje, sbr. 42. gr. getur hreppsnefnd látið hreppstjóra selja við lok októbermánaðar. Komi eigandi fram fyrir næstu fardaga, og sanni eignarrjett sinn á seldum óskilakindum, skal honum skilað andvirðinu að frádregnum kostnaði, ella rennur það í sveitarsjóð.

47. gr.

156

Skýrslu um óskilafje, mörk þess og einkenni sendir hreppstjóri þegar eftir uppboð til birtingar í Lögbirtingablaðinu og auk þess í einhverju útbreiddu frjettablaði. Auglýsinga-
kostnaður greiðist úr sýslusjóði. 10. sept.

X. Um sektir.

48. gr.

Sektir fyrir brot á reglugjörð þessari. Þar sem þær eru ekki ákveðnar við sjerstakar greinar, skulu vera frá 10—100 kr. nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum. Sektir renna í sveitarsjóð þess hrepps, sem brotið er framið í, nema við síðari málsgrein 35. greinar — þá falla þær til þess, sem fyrir ágangi verður. Öll brot gegn reglugjörð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

49. gr.

Ef hreppsnefnd vanrækir skyldur þær, sem henni eru á herðar lagðar í reglugjörð þessari, þá ber það mál undir sýslunefnd og skal meðfarið, sem fyrir er mælt í 68. gr. sveitarstjórnarlaganna 10. nóv. 1905.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Suður-Múlasýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890 og nr. 36, 24. nóvember, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. október 1919 og fellur jafnframt úr gildi reglugjörð 4. júlí 1892 um sama efni og síðari reglugjörðir um breytingar á þeirri reglugjörð.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 10 sept 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.